

Matvæla og þjónustudeild

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 2013

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Við erum búin að halda fimm stjórnarfundum frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 16. febrúar 2012.

Ýmis mál hafa verið til umfjöllunar á stjórnarfundunum. M.a. málefni ræstingafólks, ekki síst vegna útboðsmála hjá Akureyrarbæ, öryggi öryggisvarða í verslunum og námskeiðsmál hjá þeim sem starfa í fiskvinnslu, kjötiðnaði og jafnvel mjólkinni. Anna Júlíusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson munu fara í þá vinnu að ræða við fyrirtækin um að halda slík námskeið, sérstaklega þar sem fást launahækkanir eins og í fiskinum og kjötinu.

Félagið sendi bréf til allra trúnaðarmanna félagsins og hvatti þá til að halda vinnustaðafundi og er nú þegar búið að halda um 20 fundum.

Í byrjun janúar hélt félagið fund þar sem trúnaðarmenn, trúnaðarráð og stjórnir deildarinnar ásamt aðalstjórn félagsins komu saman og ræddu hvað gera ætti í sambandi við uppsögn samninga. Ólafur Darri, hagfræðingur ASÍ, fjallaði þar um stöðu mála. Fundinn sátu á annað hundrað félagsmenn og í leynilegri atkvæðagreiðslu vildu 75% fundarmanna halda í samninginn. Hljóðið á fundinum var þannig að strax ætti að hefja undirbúning að nýjum samningi og mun það fara í ferli strax á næstu vikum.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega launakönnun og gerð var árið 2011. Stjórn deildarinnar á eftir að rýna betur í hana, en það verður gert á næstunni.

Í könnuninni var einnig spurt út í þjónustu félagsins og er útkoman ánægjuleg fyrir okkur. Um 56% sögðust hafa nýtt sér einhverja þjónustu hjá félaginu undanfarna 12 mánuði. 91,5% merktu við að þeir væru sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-Iðju og rúm 95% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-Iðju.

Framhaldsþing SGS fór fram þann 10. maí sl. Á þinginu voru samþykkt ný lög sambandsins þar sem umtalsverðar breytingar voru gerðar á stjórnskipulagi, hlutverki og starfsemi sambandsins. Að auki voru samþykktar fjórar nýjar reglugerðir sem er ætlað að styrkja starfsemina,

efla upplýsingamiðlun SGS og skilgreina verkaskiptingu milli aðildarfélaganna og sambandsins. Á þinginu var Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, kjörinn formaður sambandsins og Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir, formaður AFLs starfsgreinafélags, varaformaður. Félagið átti 18 fulltrúa á þinginu en alls sátu það 134 fulltrúar frá 18 aðildarfélögum.

40. þing ASÍ var haldið í Reykjavík 17. til 19. október sl. Tíu fulltrúar frá Einingu-Iðju sátu þingið sem bar yfirskriftina Atvinnu og velferð í öndvegi. Helstu áherslur þingsins voru atvinnu-, húsnæðis- og lífeyrismál, en auk þess voru tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum ASÍ teknar til umfjöllunar.

Í nóvember þurfti í tvígang að fresta árlegum fræðsludegi félagsins vegna slæms veðurs. Búið er að ákveða að hann fari fram föstudaginn 15. mars nk. og vona ég að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir. Við munum verða á Rauðku á Siglufirði og hvet ég alla sem eru í trúnaðarstörfum fyrir deildina að taka daginn frá.

Í janúar var boðið upp á, í samstarfi við SÍMEY, náms og starfsráðgjöf á skrifstofum félagsins félagsmönnum að kostnaðarlausu. Ágætis þátttaka var, en vert er að minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Félagið stendur fyrir nokkrum námskeiðum á hverju ári, en frá síðasta aðalfundi er búið að halda eftirfarandi námskeið: Trúnaðarmannanámskeið, dyravarðanámskeið, tölvunámskeið í samstarfi við SÍMEY, námskeið í austurlenskri matargerð, skrautkertagerð og fleira.

Sem dæmi um námskeið framundan má nefna dyravarðanámskeið, málað á steina (þá á ég samt ekki við Þorstein starfsmann félagsins). Einnig er í skoðun að halda starfslokanámskeið ásamt ýmsu sem er verið að vinna í.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:

Formaður	Anna Júlíusdóttir	ÚA
Varaformaður	Margrét Marvinsdóttir	MS Akureyri
Ritari	Tryggvi Jóhannsson	Þrif og ræstivörur
Meðstjórnendur	Júlíanna Kristjánsdóttir	Securitas
	Magnús Björnsson	Vífilfell
	Stefán Aðalsteinsson	Kjarnafæði
	Kristbjörg Ingólfssdóttir	Landsbankinn
	Birna Harðardóttir	Norðlenska
	Sigríður Jósepsdóttir	Samherja Dalvík

Nokkrar breytingar urðu á stjórninni á starfsárinu.

- Anna hætti sem formaður er hún var kosin varaformaður félagsins og varð starfsmaður þess.
- Margrét tók við formennsku í deildinni er Anna hætti.
- Stefán var skipaður af stjórn sem varaformaður til eins árs.

Fyrir næsta starfsár verða eftirfarandi í stjórn til eins árs:

Meðstjórnendur	Kristbjörg Ingólfssdóttir	Landsbankinn
	Birna Harðardóttir	Norðlenska
	Sigríður Jósepsdóttir	Samherja Dalvík

Í ár verður kosið til tveggja ára um formann, ritara og þrjá meðstjórnendur. Einnig þarf að kjósa varaformann til eins árs.

Fyrir næsta starfsár gefa eftirtaldir kost á sér í stjórn til tveggja ára.

Formaður	Margrét Marvinsdóttir	MS Akureyri
Ritari	Tryggvi Jóhannsson	Þrif og ræstivörur
Meðstjórnendur	Júlíanna Kristjánsdóttir	Securitas
	Anna Guðrún Ásgeirsd.	Becromal
	Sigurður Hjartarson	Vífilfell

Fyrir næsta starfsár gefur eftirtallinn kost á sér í stjórn til eins árs.

Varaformaður	Stefán Aðalsteinsson	Kjarnafæði
--------------	----------------------	------------

Ég vil minna fólk á að orlofsblaðið kemur væntanlega út 6. mars nk. Í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Áfram verður boðið upp á Viku að eigin vali eins og það er kallað.

Styrkurinn í ár hækkar um kr. 2.000 frá því í fyrra og verður að upphæð

kr. 18.000. Sami fjöldi styrkja verða í boði fyrir félagsmenn og undanfarin ár, eða 200 styrkir. Sækja þarf um styrkinn eins og orlofshúsin, þ.e. fyrir 2. apríl nk. Í ár verður áfram boðið upp á niðurgreidd útilegukort og veiðikort á skrifstofum félagsins og einnig gistimiða á Fosshótelin og á Edduhótelin.

Ég vil einnig minna á félagavefinn okkar, sem veitir félagsmönnum möguleika á að skoða iðgjaldasögu sína, punktastöðu og punktásögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa.

Jafnframt býður félagavefurinn upp á að félagsmenn geti skoðað upplýsingar um stöðu orlofshúsa, sótt um, bókað og greitt fyrir orlofshús með greiðslukorti.

Ég vil minna á Afsláttarkort AN sem býður upp á góðan afslátt hjá Olís og ÓB og fleiri fyrirtækjum. Unnið er við að semja við enn fleiri fyrirtæki. Trúnaðarmenn voru fengnir til að dreifa kortunum á vinnustaði en ef einhverjum vantar kort þá er bara að líta við á einhverja af skrifstofum félagsins og ná í kort.

Að síðustu vil ég þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkynningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju. Einnig vil ég þakka Matthildi Sigurjónsdóttur, fyrrum starfsmanni deildarinnar, fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf í gegnum árin, en hún lét af störfum hjá félaginu á árinu. Þá vil ég þakka Magnúsi Björnssyni, sem nú lætur af stjórnarstörfum, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Að lokum þakka ég Önnu Júlísdóttur, sem tók við sem starfsmaður deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.